



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING
ICELANDIC ADOPTION SOCIETY

SÍMI. 551 4280 • FAX. 562 4910 • P.O. BOX 1377 • 121 REYKJAVÍK

FRÉTTABRÉF

Desember 1995

Aðalfundur félagsins var haldinn fimmtudaginn 23. nóvember s.l.

Í stjórn félagsins verða á næsta ári, **Ingibjörg Birgisdóttir** formaður, **Guðlaug Guðmundsdóttir** varaformaður, **Olga Stefánsdóttir** gjaldkeri, **Lisa Yoder** ritari og **Guðrún Sveinsdóttir** meðstjórmandi. Varamenn eru **Elín Guðjónsdóttir** og **Ingvar Kristjánsson**.

Fræðslunefnd verður starfandi á næsta ári. Hana skipa: **Guðlaug Guðmundsdóttir** og **Ásdís Guðmundsdóttir**. Aðalverkefni nefndarinnar verður að leggja línur að fræðslu fyrir umsækjendur og skipulagning umræðuhópa. Í **skemmtinefnd** verða **Hanna Guttormsdóttir** og **Gyða Richter**.

Í skýrslu formanns kom m.a. fram að félagið var í september tekið inn sem fullgildur aðili að NAC sem eru samtök ættleiðingafélaga á norðurlöndum. Samtökin halda fundi árlega en aðalstarf þeirra er upplýsingamiðlun og rannsóknir á högum kjörbarna.

Einnig sendum við fulltrúa á fund EurAdopt í maí s.l. Þar var aðalumræðuefni Haag sáttmálinn um alþjóðlegar ættleiðingar, en þessi sáttmáli verður grunnur að lagasetningu í þessum málaflokki í flestum löndum heims. Markmiðið er að útrýma vafasömum vinnuaðferðum sem hafa stundum verið vandamál. Samræmd lög og vinnureglur ættu að auðvelda samskipti milli yfirvalda í fæðingarlöndum barnanna og samtaka sem annast ættleiðingar í tilvonandi heimalandi þeirra.

Sendiherra INDLANDS kom í heimsókn til okkar í ágúst ásamt eiginkonu. Vegna anna var ómögulegt að hafa stóra móttöku og hitti hann nokkrar fjölskyldur á skrifstofu félagsins. Líkt og áður var hann jákvæður og vinsamlegur í garð félagsins.

Félagið hefur nýverið gefið út **bækling um alþjóðlegar ættleiðingar** og er hann hugsaður sem almennar upplýsingar um skilyrði og fleira. Bæklingnum verður dreift til heilsugæslustöðva, félagsmálastofnana og annarra sem málið varðar.

Á árinu komu níu börn frá Indlandi og eru tvö væntanleg þaðan og eitt barn kom frá Thailandi. Umsóknir eru í Thailandi, Rússlandi, Kólombíu og Indlandi. Stjórnin hefur leitað leiða til að koma á sambandi við stjórnvöld í **KÍNA** og hefur notið til þess aðstoðar **Ragnars Baldurssonar** hjá íslenska sendiráðinu í Peking. Einnig áttum við fund með fulltrúum í dómsmálaráðuneytinu og óskuðum eftir aðstoð við að koma á samstarfi og er málið nú í athugun þar. Vonumst við eftir skjótri og jákvæðri

afgreiðslu þaðan. Kína er nýlegt ættleiðingaland og það land sem nú eru bundnar mestar vonir við enda virðist skipulag þar mjög gott.

Á aðalfundinum var samþykkt tillaga stjórnar um breytingu á félagsgjöldum. Árgjald félagsmanna fyrstu fimm árin er **kr. 4.000.-**. Eftir þann tíma lækkar gjaldið í **kr. 2.000.-**. Við vonum að þessi nýbreytni mælist vel fyrir og fólk haldi tryggð við félagið.

Kjörforeldrar á Íslandi hafa eignast baráttumann í **Össuri Skarphéðinssyni**, þingmanni sem að eigin frumkvæði lagði fram á Alþingi frumvarp sem jafna á rétt kjörforeldra og annarra foreldra á Íslandi. Össur hefur við undirbúning frumvarpsins verið í sambandi við stjórn félagsins og var mjög ánægjulegt að fá að leggja hönd á plóginn. Frumvarpið var lögfest á Alþingi s.l. fimmtudag, 30. nóvember og eiga nú kjörforeldrar rétt á jafn löngu fæðingarorlofi og aðrir foreldrar.

Eins og sjá má er þetta fréttabréf með gamla laginu. Ástæða þess er að Hrönn Ríkarðsdóttir ritstjóri varð að hætta vegna annríkis. **Auglýsum við hér með eftir nýjum ritstjóra.** Þeir sem hafa áhuga eða geta bent á ritstjóraefni hafi samband við skrifstofuna sem fyrst.

Að lokum óskum við ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Stjórnin